

Reglur Stefnir - Scandinavian Fund

1. gr.

Heiti sjóðsins, deildarskipting og grunnmynt.

Nafn verðbréfasjóðsins er Stefnir - Scandinavian Fund. Kennitala sjóðsins er 430407-9880.

Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn hefur heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Sjóðurinn starfar í einni deild. Grunnmynt sjóðsins er evrur (EUR).

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga skráðum á erlendum hlutabréfamörkuðum. Sjóðurinn mun fjárfesta í hlutabréfum skráðra hlutafélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eystrasaltsríkjunum og Íslandi. Markmið sjóðsins er ekki að endurspeglar ákveðna vísitölu en sjóðurinn mun hafa það að markmiði miða ávöxtun og eignasamsetningu við MSCI Nordic, sem telst því viðmiðunarvísitala sjóðsins. Sjóðurinn starfar í einni deild.

Fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem hafa verið tekin til viðskipta í erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum. Sérstök áhersla er lögð á stýringu gjaldmiðlaáhættu sem fylgir fjárfestingum í erlendri mynt.

Fjárfestingar skulu aðallega miðast við hlutabréf útgefin af hlutafélögum sem hafa dreifða eignaraðild og tryggja endursölumarkað. Hlutabréfasafnið mun á hverjum tíma innihalda hlutabréf ekki færri en tuttugu mismunandi útgefenda. Þetta munu vera vel seljanleg erlend hlutabréf skráð í viðurkenndum erlendum kauphöllum. Sjóðurinn mun að stærstum hluta samstanda af bréfum fyrirtækja sem tilheyra Skandinavíu, en sjóðnum er þó heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í fyrirtækjum sem tilheyra Eystrasaltsríkjunum. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í innlendum fyrirtækjum. Stefnir - Scandinavian Fund mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélags sjóðsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 42. gr. laganna.

Heimilt er að nota afleiður til annars en gjaldeyrisvarna fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu deildarinnar með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar (e. forwards) og framtíðarsamningar (e. futures) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavísitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu sammingsins. Ef notast er við afleiður til annars en gjaldeyrisvarna skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem hann getur að hámarki

tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Stefnir - Scandinavian Fund er verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við F-hluta II. kafla laga nr. 128/2011. Þannig er honum óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Einnig gildir að ef sjóðurinn fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum hans.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnis - Scandinavian Fund	%
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfa- mörkuðum	80-100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-10%
Peningamarkaðssjóðir	0-10%
Afleiður vegna stöðutöku	0-25%
Innlend hlutabréf	0-10%

3. gr.

Verkefni sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til bankans ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Arion banka. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur bankinn skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og bókhaldslög. Arion banki hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion banki hf. senda skýrslu til Seðla-banka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum bankans ef efnið varðar þá þætti sem hann hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til

utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afsláttir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Stefnis hf. og viðkomandi aðila.

4. gr.

Þóknunir.


Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en nú nemur þóknunin 1,65%.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eiganstýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfa-vísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.



5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 12:00 Uppgjör sjóðsins vegna sölu miðast við T+3, þ.e.a.s. uppgjörið á sér stað þriðja virkan dag. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði uppfyllt.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkrir

samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjör sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 11. nóvember 2006,
með breytingum gerðum 20. desember 2007,
8. apríl 2008, 4. janúar 2010, 19. janúar 2011,
18. janúar 2012 og 12. september 2014.

Stefni hf.:

Kristjánsson

Stjórnun

John D. Thompson